


A yellow diamond-shaped background. At the top left, a red crayon is shown with a red squiggly line extending from its tip. At the bottom right, a blue crayon is shown with a blue squiggly line extending from its tip. The text 'Setningafræði' is centered in the middle of the diamond.

Setningafræði

Málgrein - Setning



- Málgrein er frá stórum upphafsstaf að punkti.
- Setning verður að innihalda eina sögn (ósamsetta eða samsetta).
- Málgrein getur verið ein setning eða nokkrar setningar.
- Setningar innan hverrar málgreinar tengjast með samtengingum eða kommu.



Málgrein-Setning frh.



- Ein málgrein = Ein setning
Kennarinn les upp úr bókinni.
- Ein málgrein = Tvær setningar
Kennarinn les upp úr bókinni /og nemendur hlusta.
- Ein málgrein = Nokkrar setningar
Ég hljóp inn /þegar síminn hringdi /af því að ég vildi vita/hvort þetta væri áriðandi samtal/ en sem betur fer /var það ekki mikilvægt/ svo að ég flýtti mér út aftur /og rétt náði tímalega í skólann.



TIL GAMANS



- Ef við röðum hugtökum sem þið hafið verið að læra undanfarin ár og snerta uppbyggingu málsgreina og texta frá því víðtækasta til hins sértækasta verður útkoman:

Texti - efnisgrein - málsgrein -
setning - orð - orðeining - hljóð



Setningar



- Setningar skiptast í aðalsetningar og aukasetningar.
- **Aðalsetning** er annaðhvort fremst í málsgrein eða tengd við aðra setningu með aðaltengingu.
Aðaltengingarnar eru: en, heldur, enda, og, eða, ellegar og fleyguðu tengingarnar.
- **Aukasetning** hefst oftast á aukatengingu (allar aðrar samtengingar en aðaltengingar).




Aðaltengingar



- Tengja saman tvær aðalsetningar
aðalsetning+aðaltenging+aðalsetning
Ég sagði þetta / enda er það rétt.
Allir sátu / og (allir) hlustuðu á kennarann.
- Tengja saman samhliða aukasetningar
aðalsetn.+aukat.+aukasetn.+aðalt.+aukasetn.
Ég sá /að hún reiddist /og (að hún) sagði
ekki orð.




Aukatengingar



- Tengja saman aðal- og aukasetningu
aðalsetning+aukatenging+aukasetning
Nemendur sögðu / að bókin væri góð.
- Tengja saman ósamhliða aukasetningar
aðalsetn.+aukat.+aukasetn.+aukat.+aukasetn
Hver spurði / hvort einhver vissi/ hvencær
skólinn hæfist?



Greining í setningahluta




- FRUMLAG
- UMSÖGN
- ANDLAG
- SAGNFYLLING
- EINKUNN
- ATVIKSLIÐUR
- FORSETNINGARLIÐUR
- TENGILIÐUR



FRUMLAG (frl)

- Frumlag er fallorð í nefnifalli og gerir það sem sögnin segir, er gerandinn í setningunni.
- Dæmi: Húsfreyjan eldaði matinn. Allir eru duglegir.
- Auðvelt er að finna frumlagið með því að spyrja hver gerði það sem sögnin segir, hver eldaði? hverjir eru?



UMSÖGN (US)



- Umsögn er sögn í persónuhætti.
- Umsögn getur verið ósamsett.

Dæmi: Húsfreyjan eldaði matinn.

- Umsögn getur verið samsett

Dæmi: Húsfreyjan hefur verið að elda í allan dag.



ANDLAG (ANDL)



- Andlag er fallorð í aukafalli.
- Andlag stendur með áhrifssögn.

Dæmi: Húsfreyjan eldaði matinn.
Ég las bókina. Hver á nýju kápuna?




SAGNFYLLING (sf)

- Sagnfylling er fallorð í nefnifalli.
- Sagnfylling stendur með áhrifslausri sögn.
- Sagnfylling útskýrir frumlagið nánar.

Dæmi: Krakkarnir eru duglegir. Hún er skemmtileg. Hverjir eru bestir?



EINKUNN (eink)



- Einkunn er fallorð sem stendur með öðru fallorði og lýsir því nánar.
- Einkunn myndar eina heild með fallorðinu.
- Einkunn getur staðið í öllum föllum.
- Ef einkunn stendur í eignarfalli kallast hún eignarfallseinkunn.



EINKUNN -FRH.

- Einkunn með frumlagi - Gamli bóndinn sló túnið.
- Einkunn með andlagi - Ég las skemmtilega bók.
- Einkunn með sagnfyllingu - Hann er fallegur drengur.
- Einkunn í forsetningarlið - Ég bý í stóra húsinu.
- Eignarfallseinkunn - Dætur kaupmannsins eru ekki heima. Þetta er hundurinn þeirra.



ATVIKSLIÐUR (AL)



- Atviksliður er hvert einstakt atviksorð.

Dæmi: Hann les vel. Krakkarnir eru mjög duglegir. Krakkarnir eru ekki mjög duglegir. Hún kom í gær. Hver er þarna?



FORSETNINGARLIÐUR (FL)




- Forsetningarliður er forsetning ásamt fallorðinu sem hún stýrir falli á.

Dæmi: Ballið er á morgun. Jón á Rein var vistaður í Svartholinu.



TENGILIÐUR (+I)



- Tengiliður er sérhver samtenging.

Dæmi: Jón og Gunna voru úti á túni þegar byrjaði að rigna. Flestir lásu og unnu verkefnin enda gekk þeim vel. Einhver spurði hvort þú værir heima.

